

**Powershot S30** støtten rejndækket

### Book Reviews

# Canon

- Längsprofil (2,4 m): möglich:  $d_{\text{St}} = 1,8$  mm (mit  $d_{\text{St}} = 4$  mm)
- 2 geradlinige Stützflächen: Stützabstand  $s = 1,0$  m; Stützabstand: 45 · 1/1000  
 nach  $s = \sqrt{2 \cdot d_{\text{St}} \cdot l} = \sqrt{2 \cdot 1,8 \cdot 1,0} = 1,897$  mm; Stützabstand: 45 · 1/1000  
 (Stützabstand  $s = 1,9$  mm;  $d_{\text{St}} = 1,8$  mm; Stützabstand: 45 · 1/1000)
- Mindestabstand: geradlinig mit  $d_{\text{St}} = 1,8$  mm; Stützabstand: 45 · 1/1000
- Auf Stützabstand mit  $d_{\text{St}} = 1,8$  mm.
- 1,8 mm Stützabstand.

**Ỏ NẮP****FRÉTTABLAÐ**

**ÚNÁÐ** **FRÉTTABLAÐ** **Á VESTFJÖRÐUM**

# Bæjarins besta

Miðvikudagur 23. apríl 2003 • 16. töl. • 20. árg.

**Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 458 4580 • Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) • Netfang: [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) • Verð kr. 250 m/vsk**

## Ísafjörður

## Stúlka slas- aðist á höfði

Hátíðisdagarnir voru með nokkrum undantekningum, fremur friðsælir hjá lögreglunni á Ísafirði, þrátt fyrir margháttaðan gleðskap víða í byggðum. Aðfaranótt laugardags var fjölmenni á dansleikjum sem hófust á miðnætti í Hnífsdal, á Ísafirði og á Flateyri en þar fór allt friðsamlega fram.

Stúlka datt í tröppunum við Félagsheimilið í Hnífsdal. Hún meiddist á höfði og var meðvitundarlaus og var flutt á sjúkrahús. Hér mun hafa verið um óhapp að ræða en ekki átök. Nokkur útköll voru yfir páskana vegna háværra partía. Í einu tilviki hafði gestur brotið ríðu en málið var leyst á staðnum.



## Bjartar framtíðarhorfur í fjárhag Súðavíkurbrepps

Súðavíkurbreppi er ætlað að skila ríflega 20 milljóna króna rekstraráfgangi á hverju ári á næstu þremur árum eða frá 2004 til 2006. Þetta kemur fram í þriggja ára fjárhags-áætlun sem samþykkt var fyrir páska. Gert er ráð fyrir að tekjur hreppsins aukist lítillega milli ára á tímabilinu eða

úr 137 milljónum króna í 143 milljónir.

Athygli vekur að í áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði töluvert lægri en endanleg niðurstaða eða á bilinu 10 til 11 milljónir króna. Fjármagnsliðir Súðavíkurbrepps eru iðkvæðir og skýrist

það af arðgreiðslum vegna eignarhlutar hreppsins í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf.

Ef tekið er mið af þessari áætlun má segja að framtíðarhorfur um fjárhag Súðavíkurhrepps séu bjartar. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir menn þó setja ákveðna fyrirvara við áætlunina. Þannig


hafi Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. greitt óvenjulega háan arð á þessu ári. „Reksturinn sem slíkur er að skila þökkalegri afkomu og því erum við bjartsýn. Nú teljum við að lag sé til að reyna að skapa hér jákvæð skilyrði til atvinnurekstrar“, sagði Ómar Már Jónsson.

## Kom til Ísafjarðar í leit að framtíðinni



# Óhætt að biðja um aðstoð áður en allt er farið í hundana

– rætt við Ingibjörgu Maríu Guðmundsdóttur, forstöðu-  
mann Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.  
Sjá miðopnu.



**Flytjandi**





Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður  
Sími 456 4560,  
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,  
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamaður:

Kristinn Hermannsson  
sími 863 1623  
kristinn@bb.is

Ritstjóri neútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon  
sími 892 2240  
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson  
sími 894 6125,  
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og  
Halldór Sveinbjörnsson

Fréttavefur:

www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um  
dreifingu á blaðinu á þétt-  
býlisstöðum utan Ísa-  
fjarðar: **Bolungarvík:**  
Sólveig Sigurðardóttir,  
Hlíðarstræti 3, sími 456  
7305. **Súðavík:** Sólveig  
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími  
456 4106. **Suðureyri:**  
Deborah Anne Ólafsson,  
Aðalgötu 20, sími 898  
6328. **Flateyri:** Gunnhildur  
Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi  
12a, sími 456 7752.  
**Þingeyri:** Anna Signý  
Magnúsdóttir, Hlíðargötu  
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

**Hamraborg,** Hafnarstræti  
7, sími 456 3166. **Flug-  
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,  
sími 456 4772. **Bónus,**  
Ljóninu, Skeiði, sími 456  
3230. **Bókhláðan,** Hafn-  
arstræti 2, sími 456 3123.  
**Bensinstöðin,** Hafnarstræti,  
sími 456 3574. **Samkaup,**  
Hafnarstræti 9-13, sími 456  
5460. **Krílið,** Sindragata 6,  
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250  
eintakið m.vsk. Áskriftarverð  
er kr. 215 eintakið. Veittur  
er afsláttur til elli- og  
örorkulífeyrisþega. Einnig  
sé greitt með greiðslukort.

Benedikt Bjarnason lætur af stjórnarmennsku í Sparisjóði Bolungarvíkur eftir 45 ár

# Góður hagur hjá Sparisjóði Bolungarvíkur á 95 ára afmælinu

Gestur Kristinsson á Suðureyri hefur tekið við stjórnarformennsku í Sparisjóði Bolungarvíkur af Benedikt Bjarnasyni í Bolungarvík, sem gaf ekki lengur kost á sér í stjórn. Benedikt hafði setið í stjórn frá árinu 1958 eða í 45 ár, þar af formaður stjórnar síðustu átta ár. Á aðalfundi sjóðsins fyrir skömmu kom fram, að hagnaður fyrir reiknaða skatta nam 14,4 milljónum króna en nam 10,1 milljónum króna að teknu tilliti til reiknaðs tekjuskatts og eign-

arskatts. Heildarrekstrartekjur námu 505,4 milljónum króna og heildarrekstrargjöld námu 495,2 milljónum króna að meðtöldum afskriftum. Aðrar rekstrartekjur námu 49,1 milljónum króna. Bókfært eigið fé Sparisjóðsins í árslok 2002 var 746,3 milljónir króna og hafði aukist á árinu um tæplega 4,2%. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum var 20,3% en má lægst vera 8% af útreiknuðum áhættugrunni.

Í árslok var niðurstaða efnahagsreiknings liðlega 5.289 milljónir króna. Innlán og verðbréfaútgáfa Sparisjóðsins nam í árslok 3.372 milljónum króna og höfðu dregist saman um 3,3% á árinu. Heildarútlán að meðtöldum fullnustueignum námu í árslok 3.057,3 milljónum króna og höfðu minnkad um 10,7% á árinu. Langstærsti útlánaflokkurinn er til sjávarútvegs eða rúmlega 58,1%. Hluttur einstaklinga og íbúðalána í heild-

arútlánam var 28,1% í árslok. Hlutfall útlána til verslunar, þjónustu- og annarrar atvinnustarfsemi var 6,0%. Lán til bæjar- og sveitarfélaga voru 4,5%. Sparisjóður Bolungarvíkur er alhliða fjármálafyrirtæki. Hann var stofnaður 15. apríl 1908 og átti því 95 ára afmæli í síðustu viku. Sparisjóðurinn rekur einnig afgreiðslu í Súgandafirði. Hann sér um afgreiðslu Íslandsþósts á báðum þessum stöðum. Undanfarin ár hefur Sparisjóðurinn einnig

séð um rekstur Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur. Hjá sjóðnum störfuðu 15 manns í árslok. Sparisjóðsstjóri er Ásgeir Sólbergsson. Stofnfjáreigendur í Sparisjóði Bolungarvíkur eru 202 og stofnfé er alls 92 milljónir króna. Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur skipa Finnþógi Jakobs-son, Gestur Kristinsson, stjórnarformaður, Ólafur Þ. Benediktsson, Runólfur Pétursson og Örn Jóhannsson.

## Forsvarsmenn Impru í heimsókn á Ísafirði

# Kynntu sér starfsemi Póls og 3X-Stáls

Berglind Hallgrímsdóttir forstöðumaður og Björn Gíslason verkefnisstjóri hjá Impru, nýsköpunarmiðstöð á Akureyri, heimsóttu í síðustu viku tæknifyrirtækin Póls og 3X-Stál á Ísafirði og kynntu sér það nýjasta í starfsemi þeirra. Berglind og Björn voru stödd á Ísafirði vegna fundar iðnaðarráðherra og samgönguráðherra. Ferðin nýttist vel til fleiri hluta, að sögn Björns, þar sem þau hafi setið fund hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða um sameiginleg verkefni og farið í tvær heimsóknir í fyrirtæki. „Bæði þessi fyrirtæki hafa verið í samstarfi við Impru og eru líka mjög spennandi. Það er afskaplega ánægjulegt að sjá svona fyrirtæki blómstra úti á landi“, segir Björn Gíslason. Impru er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi en þjónustan er veitt öllum atvinnugreinum. „Okkur finnst um að gera, þegar við erum á ferðinni, að fylgjast með því sem er í gangi í þessum nýsköpunarfyrirtækjum og viðhalda þeim tengslum, þó við hefðum gjarna viljað komast í fleiri heimsóknir“, sagði Björn.



Hörður Ingólfsson stjórnarformaður Póls, Björn og Berglind frá Impru og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

## RITSTJÓRNARGREIN

# „Sannleiknum meta sitt gagn meir“

Það er ofmat að ætla að samviskubit Samherjaforstjórans, sem missti það út úr sér að Guggan yrði áfram gul og áfram ÍS og áfram gerð út frá Ísafirði, meðan hann og þáverandi bæjarstjóri á Ísafirði og stjórnarformaður Samherja í einum og sama manninum voru að koma höndum yfir kvóta þessa landsfræga aflskips, hafi ráðið orðavali hans í Kastljósi Sjónvarpsins miðvikudaginn 9. apríl. Sýnilegt er þó að Vestfirðir bögglast öðru fremur fyrir brjóstinu á blessuðum manninum svo sem eftirfarandi ummæli hans bera með sér:

„Það er aftur á móti alltaf verið að grípa til sérstakra ráðstafana hér í sjávarútvegi sem hérna ganga allar út á það eitt að færa veiðiheimildir til Vestfjarða. Þannig að mér finnst þetta vera orðin spurning um Vestfirði annars vegar og restina af landinu. Menn verða að svara því af hverju er óæskilegt að vinna fisk á Dalvík heldur þurfa að vinna hann á Vestfjörðum og þá helst með erlendu innfluttu vinnuafli.“

Lítilsvirðingunni, drambinu, að ekki sé minnst á fordómum á garð þess erlenda fólks sem sest hefur að á Vestfjörðum, í einu orði sagt lúalegs málflutnings Samherjaforstjórans í viðleitni hans til að etja íbúum sjávarbyggða í landinu gegn Vestfirðingum, verður best svarað með orðum Súgufirðingsins Guðna Einarssonar í

sama Kastljósbætti og forstjórinn lét sín orð falla: „Við biðjum ekki um neina aðstoð frá einum eða neinum. Við viljum bara fá að vinna þann fisk sem við höfum við bæjardyrnar hjá okkur og mér er alveg sama hvort frystitogarinn kemur frá Hull eða Akureyri.“

Þetta er mergurinn málsins, hvað sem orðavali Samherjaforstjórans og orðhældni frá tíma Gulu-Guggunnar líður.

## Velkomin sértu Harpa

„Kvikar lund af kæti, / kann sér ekki læti, - / lyfta mér á ferð og flug / hin fögru sumarmál“, segir í lok kvæðis Guðmundar Guðmundssonar „skólaskálds“ um komu sumarsins.

Þótt Vestfirðingar séu mörgu vanir í veðurfari á sumardaginn fyrsta, þá efast enginn um að sumarið með allri sinni dýrð er í nánd.

Bæjarins besta þakkar samfylgdina á vetrinum og sendir landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilegt sumar.

s.h.



Birgitta Haukdal ásamt Sigurði Samúelssyni hinum ísfirka bassaleikara Írafárs.

# Írafár naut hylli Ísfirðinga og annara skíðavikugesta

Hljómsveitin Írafár lék í þriggja fyrir Ísfirðinga og gesti þeirra á skíðaviku. Síðdegis á skírdag lék hljómsveitin á fjölsóttum barna- og unglingatónleikum í félagsheimilinu í Hnífsdal sem voru styrktir af Hraðfrystihúsinu –

Gunnvöru hf. Um kvöldið tróð sveitin svo upp órafmagnað ásamt hljómsveitinni Ber í Sjallanum á Ísafirði. Hápunktinum var svo náð að kvöldi föstudagsins langa þegar uppselt var á stórdansleik þeirra í félagsheimilinu í

Hnífsdal. Írafár hlaut góðar undirtektir skíðavikugesta enda er hljómsveitin afar vinsæl um þessar mundir og ekki spillir fyrir að miklar vonir eru bundnar við þátttöku Birgittu í Evróvísjón söngkeppninni nú í maí.

## Grunnskóli Ísafjarðar

# Unnið að húsnæðismálum skólans innan bæjarkerfisins

Undirbúningshópur vegna byggingar framtíðarhúsnæðis fyrir Grunnskólann á Ísafirði skilaði af sér lokaskýrslu í lok síðasta mánaðar. Nú er unnið að málinu innan bæjarkerfisins en engar ákvarðanir hafa verið teknar og skýrsla nefndarinnar hefur ekki verið

kynnt opinberlega. Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, segir starfshópurinn hafa skilað af sér tillögum þar sem stuðst sé við vinningstillöguna úr arktasamkeppninni frá síðasta sumri.

Lítið hefur farið fyrir mál-

inu í fundargerðum Ísafjarðarbæjar en Skarphéðinn segir það ekki sofnað. Fyrir þessari viku hafi þannig fulltrúar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verið á Ísafirði að kynna sér málin vegna hugsanlegrar aðkomu sjóðsins að væntanlegum framkvæmdum.

## Snjóflóðavarnargarður fyrir ofan Seljalandshverfi

# Verktakar skoða aðstæður

Vettvangsskoðun vegna fyrirhugaðs snjóflóðavarnargarðs í Seljalandshverfi á Ísafirði verður í dag, miðvikudag, á verkstað að viðstöddum fulltrúum verkkaupanda og verkataka. Þann 15. apríl sl. auglýsti Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Ísafjarðarbæjar, eftir tilboðum í verkið og verða þau opnuð 6. maí nk. Í útboðslýsingunni segir að um sé að ræða 650 m langan leiðigarð og 9 keilur en gert er ráð fyrir að verkið taki tvö ár og eru áætluð verklok haustið 2004.

Í útboðslýsingunni kemur jafnframt fram að verktaki getur hafið vinnu um mánaðamótin maí/júní 2003 og meðal þess sem felst í verkinu er að fjarlægja gróðurþekju úr garðstaðinu og flóðafarveginum en leiðigarðurinn skal að öllu leyti byggður úr efni á staðnum sem fæst við gróft og mótun flóðafarvegar garðsins. Þá skal verktaki sjá um frágang yfirborða leiðigarðs og flóðafarvegs, gerð göngustíga, gerð vinnuvegslóða sem verktaki telur nauðsynlega vegna fram-

kvæmdanna, gerð drenskurðar og breyting á farvegi Seljalandsár á tveimur stöðum. Einnig er innifalið í verkinu

að byggja nýjan aðkomuveg að skíðasvæðinu á Seljalandsdal í gegnum leiðigarðinn og ganga frá lögnum.



Kaupfélag Skagfirðinga

## Orðsending til sauðfjárbænda

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga boðar til kynningarfundar um slátrun og markaðsmál sauðfjárafurða að Hótel Ísafirði, föstudaginn 25. apríl nk. kl. 20:30.

Sérstök kynning verður á breyttum áherslum hjá félaginu varðandi útflytning og markaðsmál erlendis.

Vonumst eftir að sjá sem flesta bændur á fundinum.

Kaupfélag Skagfirðinga,  
kjötafurðastöð.



Keppendur á brettamótinu í brautinni.

## Íslandsmeistaramótið í „border cross“

# Sigga Láka sigraði

Skíðadrottningin Sigríður Þorlákssdóttir frá Ísafirði sigraði í kvennaflokki á Íslandsmeistaramóti Swatch og íslensku snjóbrettasamtakanna ISA í „border cross“ á snjóbrettum sem haldið var á Breiðadals- og Botnsheiði á laugardag. Katla Hannesdóttir frá Reykjavík hafnaði í öðru sæti en Ásta Esradóttir frá Súðavík kom þriðja í mark.

Í meistaraflokki bar Jón Heiðar Andræsson frá Reykjavík sigur úr býtum en Daníel Magnússon frá Reykjavík varð annar og

Bjarki Þorláksson frá Ísafirði þriðji. Í flokki 16 ára og yngri sigraði Aron Svanbjörnsson, bróðir hans Tryggvi, varð annar og Kolmar Sigurðsson þriðji en þeir eru allir frá Ísafirði. Alls tóku um 20 keppendur þátt í mótnu og komu þeir frá Reykjavík, Akureyri og Ísafirði.

Mótið var með útsláttarfyriðkomulagi og renndu keppendur sér samhliða í brautinni. Vegleg verðlaun voru í boði en Swatch umboðið á Íslandi gaf sigurvegurinum Swatch úr og verslunin Brim í Reykjavík gaf brettaklæðnað.

Rakel Sævarsdóttir hjá Swatch umboðinu segir aðstandendur mótsins vera afar ánægðar með hvernig til tóks þó aðstæður hafi verið nokkuð erfiðar á heiðinni. „Þetta var meiriáttar, það voru allir mjög ánægðir með þetta þannig að ég held að stemmningin verði enn betri að ári. Auðvitað hefði þetta verið auðveldara viðfangs ef skíðasvæðið, þar sem öll tæki eru fyrir hendi, hefði verið opið en mönnum líkaði vel að vera bara úti í náttúrunni“, sagði Rakel.



Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum



# Maðurinn, umhverfið og líðan hans

Námskeið á sviði forvarna og heilsuefningar.

Dagana 25. og 26. apríl munu Heilsuþæring Bolungarvík og Fræðslumiðstöð Vestfjarða standa fyrir námskeiði um líðan mannsins í viðum skilningi og hvað hann getur gert til að bæta líðan sína. Á námskeiðinu munu fimm sérfræðingar fjalla um efnið út frá mismunandi sjónarhornum. Námskeiðið verður haldið í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík og stendur yfir á föstudaginn 25. apríl frá kl. 18:00-22:00 og á laugardaginn 26. apríl frá kl. 09:00-15:00.

Námskeiðið er styrkt af Sparisjóði Bolungarvíkur. Þátttökugjald er kr. 1.000.- á mann og eru veitingar innifaldar.

Nánari upplýsingar og skráning er hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, [www.frmst.is](http://www.frmst.is) á netinu eða í síma 456 5025.

Fyrirlestur!

Föstudaginn 25. apríl heldur Magnús Ólason, endurhæfingarlæknir á Reykjalandi opinn fyrirlestur sem hann kallar Prálátir verkir – faraldur nútímans. Fyrirlesturinn verður í Slysavarnahúsinu í Bolungarvík og hefst kl. 20:00. Fyrirlesturinn er öllum opin. Aðgangur ókeypis.



# Veitir á þriðju milljón króna í styrki til þrettán aðila

Fyrsta úthlutun úr Styrktar- og menningarsjóði Sparisjóðs Bolungarvíkur, sem stofnaður var árið 2001, fór fram í ráðhússalnum í Bolungarvík á 95 ára afmæli sjóðsins fyrir skömmu. Þrettán aðilar hlutu styrki í þessari fyrstu úthlutun, sem á að verða árlegur viðburður, og nema þeir samtals á þriðju milljón króna.

Styrkina að þessu sinni hlutu ýmis menningar- og íþróttafélög og samtök, flest þeirra í Bolungarvík og á Suðureyri en sjóðurinn er einnig með afgreiðslu. Þeir aðilar sem styrkina hlutu eru taldir hér á eftir ásamt greinargerð sjóðsins með úthlutuninni til hvers og eins.

## Ungmennafélag Bolungarvíkur

UMFB gegnir veigamiklu hlutverki í íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í Bolungarvík. Meginþungi félagsins er barna- og unglingastarf og er foreldrar burðarásar þess starfs. Fjölmennustu greinar-

nar innan UMFB eru knattspyrna og sund. Félagið hefur nýverið keypt hús að Kirkjuvegi 1, sem miklar vonir eru bundnar við í félagsstarfinu. Styrkurinn er veittur UMFB til að deila niður á starfseminu eftir því sem félagið telur best.

## Golfklúbbur Bolungarvíkur

Golfklúbburinn hefur á undanförmum árum lagt áherslu á barna- og unglingastarf. Í því sambandi hefur kennsla fyrir börn og unglinga verið án endurgjalds og ennfremur flatargjöld, árgjöld og kostnaður vegna móta fyrir sama aldurshóp. Einnig hefur mikil starf verið unnið við að rækta upp golfvöll í Syðridal. Nú hyggst klúbburinn taka til við að rækta svæðið umhverfis völinn. Er styrkurinn veittur til þess og til að efla unglingastarf klúbbsins.

## Hestamannafélagið Gnýr

Hestamannafélagið Gnýr verður 30 ára ímafnk. Félagið hefur fengið mikla hvatningu



Fulltrúar þeirra félaga og samtaka sem styrki hlutu ásamt Benedikt Bjarnasyni, fráfaramandi stjórnarformanni Sparisjóðs Bolungarvíkur, Ásgeiri Sólbergssyni sparisjóðsstjóra og Gestir Kristinssyni, nýkjörnum stjórnarformanni sjóðsins.

# SMS Leikur

## Fyrsti vinningur Flugferð með Flugfélagi Íslands milli Ísafjarðar og Reykjavíkur - báðar leiðir!

Sendu SMS skýtið „Leikur IF“ á 1415 (Tal og Íslandssími), 1848 (Síminn)

### Aðrir vinningar eru:

|                                                                         |                                                                         |                                                              |                                                                                                                           |
|-------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 100 x<br>MYNDANDISPOLI FRA HAMRABORG                                    | 100 x<br>1/2 PIZZA MED 1 ALEGGESTEGUNDUM NÚN 2 FYRIR 1 SAL HVA PIZZA 97 | 30 x<br>DAGSDEIÐ A SAGAÞYÐSI ÖSTHÖNGA                        | 30 x<br>HÉTTUR DAGSINS MIDAG VÖR 2 FYRIR 1 HVA TIVA KÖÖN                                                                  |
| 10+10 x<br>5 TÍNA KORT Í LAG OG 5 TÍNA KORT Í UNANSFÆRHT HVA STUNDU DAN | 15 x<br>ARÐINGUNDAR A SÖNGLASEM (UPPHEIÐSLU) LL OG T                    | 10 x<br>HÉTTUR DAGSINS EISA ANDVIRRI HANS HVA EISA VEITINGUM | Leikurinn er 2 vikur áttuð og gefur þér 2 tölur á milli 10 og 100. Þú getur þá spilað 2 SMS leikningum á milli 10 og 100. |

20. hvert skilaboð fær vinning!

frá foreldrum barna hér í bæ um að reiðnámskeiðum, sem Rögnvaldur Ingólfsson hefur haldið mörg undanfarin ár, verði haldið áfram. Námskeið Rögnvaldar hafa tekist einstaklega vel og nemandum fjölgað ár frá ári. Félagið fær styrk til kaupa á öryggishjálum og fræðslufni fyrir námskeiðin.

## Kvennakór Bolungarvíkur

Kvennakór Bolungarvíkur fær styrk til greiðslu söngkennara til raddþjálfunar og til tónleikahalds utan heimabyggðar og hyggst með því auka hróður bolvískrar söngmenningar.

## Í einni sæng ehf.

Hið vestfirska kvikmyndafélag Í einni sæng ehf., sem gerði myndina Í faðmi hafsins árið 2001, hyggst nú leggja í nýtt verkefni. Um er að ræða nýja kvikmynd, sem ber heitið Á efsta degi. Fyrirhugað er að taka myndina upp á norðanverðum Vestfjörðum og nota innanheraðsfólk eins og hægt er. Er styrkurinn veittur til þessarar kvikmyndar.

## Danshópurinn

Danshópur barna hefur starfað í Bolungarvík síðan haustið 2000. Hópurinn hefur farið á Íslandsmeistaramót, sem er haldið í maí á hverju ári, og staðið sig mjög vel. Mjög ánægjulegt er, að ungt fólk hér eigi þess nú kost að stunda þessa íþrótt og er styrkurinn veittur til farar á Íslandsmeistaramót í dansi árið 2003.

## Ysja ehf.

Fyrirtækið Ysja ehf. hyggst standa að menningardögum í Bolungarvík, sem hlotið hafa nafnið Hásetahátíð og áætlað er að halda dagana 8.-11. maí 2003. Á árum áður var 11. maí, lokadagurinn svonefndi, ætíð haldinn hátíðlegur í Bolungarvík, þegar vetrarvertíð sjómanna lauk og sumarvertíð hófst, en Bolungarvík er elsta verstöð landsins. Styrkurinn er veittur til Hásetahátíðar.

## Heilsuþæring Bolungarvík á nýrri öld

Heilsuþæringar- og þróunarverkefnið „Heilsuþæring Bolungarvík á nýrri öld“ hefur verið starfandi í Bolungarvík í þrjú ár. Eitt af meginmarkmiðum þess er fræðsla. Nú hefur verið hafið samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um námskeiðshald og fyrirlestra undir yfirskriftinni „Heilsuþæring-Forvarnir“. Styrkurinn er veittur til þessa fræðsluáttaks.

## Leikfélagið Hallvarður súgandi

Leikfélagið Hallvarður súgandi hefur undanfarin ár sett upp leikrit og frumsýnt á „Sæluhelgi Súgufirðinga“. Félagið hefur lagt metnað sinn í að setja upp góðar og skemmtilegar sýningar og ætla sér að halda því starfi áfram. Styrkurinn er veittur til fjármögnunar á sýningu þessa árs og til reksturs félagsins.

## Kvenfélagið Ársól

Kvenfélagið Ársól á Suðureyri hefur unnið að uppbygg-

ingu á leikvelli við hlið Sparisjóðs Bolungarvíkur á Suðureyri, sem gengur í daglegu tali undir nafninu Sumarróló. Verið er að búa völinn leik-tækjum og er styrkurinn veittur til þess halda því starfi áfram.

## Handverksþapurinn Á milli fjalla

Handverksþapurinn Á milli fjalla er félagssskapur fólks á Suðureyri, sem áhuga hefur á því að kynna og selja handverksmuni Súgufirðinga. Hópurinn fær styrk til húsaleigu og posavélar.

## Björgunarsveitin Björg

Björgunarsveitin Björg á Suðureyri hefur staðið í mikilli uppbyggingu með kaupum á húsnæði og bifreið og fyrir liggur endurnýjun á öðrum tækjabúnaði sveitarinnar. Næst á dagskrá er endurnýjun á gúmmibjörgunarbát og er styrkurinn veittur til þeirra kaupa.

## Mannsavinnir á Suðureyri

Mannahátíðin, sem haldin er á hverju sumri á Suðureyri, er 15 ára á þessu ári. Þessi hátíð hefur stöðugt aukist á umfangi og er nú orðin ein af stærri menningarhátíðum sumarsins á Vestfjörðum. Styrkurinn er veittur til þessarar 15 ára afmælishátíðar.





# Okkar fólk á þing

Vinna, vextur, velferð eru kjörorð Framsóknarflokksins fyrir komandi Alþingiskosningar. Þessi þrjú orð segja mikil og ljúka vel grundvallarsjón framsóknarmanna: Trútt og öflugt

stjórnun er forsenda þess að hægt sé að bera uppi þá félagshyggju- og velferðarstefnu sem Framsóknarflokkurinn stendur að.

**Vinna - vöxtur - velferð**

**XB**  
2003

[www.xb.is](http://www.xb.is)





# SÆLKERARVÍKUNNAR

ERU HRAFNHILDUR SAMÚELSDÓTTIR  
OG JÓSEF VERNHARÐSSON

## Fylltur úrbeinaður lambahryggur

Úrbeinið hrygginn og takið lundirnar og leggið í sárið (hryggurinn á að vera í heill). Kryddið með grillkryddi. Setjið fyllingu í hrygginn (sjá hér fyrir neðan) og vefjið honum saman með bandi eins og rúllupylsu. Til að pensla hrygginn að utan hrærum við saman 2 pressuðum hvítlauksrifjum, grillkryddi og 2 msk matarolíu.

### Fylling

2 msk Sweet Relish  
1 stk saxaður laukur  
½ paprika, rauð  
3 msk franskt sinnep  
2 franskbrauðsneiðar

Allt sett á pönnu og hitað og síðan sett í hrygginn. Steikið í ca. 1 klst við 200°C hita (gott að steikja í steikingarpotti).

### Sósa

300 g sveppir steiktir í smjöri og settir í pott ásamt 3 dl sjóðandi vatni  
½ piparostur settur út í og látið malla þar til osturinn er bráðnaður  
¼ l rjómi  
Honig teningar eftir smekk  
sósufarnari  
ekki skaðar að setja smáskvettu af koníaki

### Salat

2 stk epli, smátt skorin  
125 g döðlur, smátt skornar  
100 g smátt skorið suðusúkkulaði  
¼ l þeyttur rjómi  
öllu blandað saman

Þetta salat er mjög gott með kjöti. Svo eru sykurbrúnaðar kartöflur og eitthvað súrt og sætt eftir smekk hvers og eins borið með.

### Rækjufrauð (forréttur)

300 g rækjur  
1 búnt steinselja  
½ lítri rjómi  
100 g mæjones  
1 box sýrður rjómi, 18%  
10 blöð matarlím  
safí úr hálfri sítrónu  
aromat  
½ dl vatn



Hakkið rækjurnar í matvinnsluvél. Blandið saxaðri steinseljunní saman við ásamt mæjonesi og kryddinu. Leggið matarlímið í bleyti og leysið það síðan upp í sítrónusafanum og vatninu og hitið í vatnsbaði þar til matarlímið er uppleyst. Kælið aðeins. Þeytið rjómann og blandið varlega saman við rækjumaukið. Hellið síðan matarlíminu saman við.

Klæðið stórt formkökuform með plastfilmu og setjið síðan rækjufrauðið í formið. Kælið í ísskáp um 6 klukkustundir. Hvolfið síðan á fat skreytt með vínberjum, rækjum, tómötum eða hverju sem vill. Berið fram með ristuðu brauði og kryddsósu.

### Mars-ís

120 g púðursykur  
3 eggjarauður  
2 egg  
1 tsk vanillussykur  
3 stk Mars-súkkulaði, smátt skorin  
½ l rjómi

Þeytið saman egg, eggjarauður og sykur létt og ljóst geymið meðan rjóminn er þeyttur. Blandið varlega saman rjómanum og eggjærærunni og síðan Mars-súkkulaðinu. Setjið í form og frystið.

Verði ykkur að góðu.

Við viljum skora á hjónin Halldóru Magnúsdóttur og Kristján Haraldsson að koma með uppskriftir í næsta blaði. Þau eru þvilíkir listakokkar að leitun er að öðru eins.



## Sumarhótel á Ísafirði til leigu

Til leigu er 1.719m<sup>2</sup> veitinga- og gístiaðstaða í heimavist Menntaskólans á Ísafirði frá 1. júní til 22. ágúst 2003. Um er að ræða 20 gístiherbergi ásamt rúmgöðri eldhúsaðstöðu með kæliklefum, þvottahúsi, kjötvinnsluðstöðu, matsal o.fl. Til greina koma áframhaldandi leiguafnot af hluta húsnæðisins næsta vetur.

Nánari upplýsingar veitir Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari í síma 450 4400.

## MAÐUR VIKUNNAR

## Ætlaði að verða kokkur



**Nafn:** Guðni Ó. Guðnason.

**Fædd/-ur, hvar og hvenær:** Í Reykjavík, 14.12.1965.

**Atvinna:** Umdæmisstjóri Vátryggingafélags Íslands á Vestfirðum.

**Fjölskylda:** Eiginkonan heitir Sólveig Pálsdóttir og börnin eru Guðni Páll 10 ára, Kjartan Elí 6 ára og Benedikt Hrafn 2 ára.

**Helstu áhugamál:** Íþróttir og iðkun þeirra og þá körfubolti, golf og annað. Í þessari röð.

**Bíffreið:** Subaru Forester, árgerð 1998 og Saab 900 árgerð 1983.

**Hvernig bíl vildir þú helst eiga?** Nýrri og betri Saab.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?** Kokkur.

**Uppáhalds matur?** Pylsa á Bæjarins beztu (það helsta sem ég sakna frá Reykjavík) og skyr með krækiberjum.

**Versti matur sem þú hefur smakkað?** Blóðgrautur í boði tengdamömmu minnar.

**Uppáhalds drykkur?** Kaffi, gott koníak og þá helst saman.

**Uppáhalds tónlist?** Megas.

**Uppáhalds íþróttamaður eða félag?** Larry Bird, gamall jaxl úr NBA-boltanum (lék með Boston), Boston, Leeds, KFÍ og KR.

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** NBA.

**Uppáhalds vefsíða?** kfi.is og bb.is

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?** Úff! Dettur í hug Seven, Good Will Hunting og Börn náttúrunnar.

**Fallegasti staður hérlandis?** Margir staðir, fyrst kemur upp í hugann Djúpvík á Ströndum, Ásbeyrgi, Skaffafell og fleira og fleira.

**Fallegasti staður erlendis?** Ég hef farið víða en séð lítið, mestmegnis innviði íþróttahúsa og hótela. Andorra kemur upp í hugann sem og Yalta við Svartahaf.

**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Já, já.

**Uppáhalds heimilistækið?** Tölvan.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Spila körfubolta og golf með góðum vinum.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna?** Væl og metnaðarleysi. Menn verða að horfa í eigin barm og sjá hvað þeir sjálfir geta lagfært til að ná árangri en ekki kenna öðrum um eigin ófarir.

**Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Spila körfubolta og golf með góðum vinum.

**Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast?** Já.

**Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í?** Það gerðist þegar ég var u.þ.b. 19 ára. Ég og félagi minn vorum á leið á Sauðárkrók til að stýra 13 ára drengjum úr KR í keppni. Einhvern veginn tókst mér að taka ranga beygju og enda á Hólmavík! Ég veit ekki enn hvernig við fórum að þessu. Hafa ber í huga að þarna var um unga Reykjavíkursveina að ræða.

**Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta?** Sampykka úrvalsdeildarstyrk til handa KFÍ.

**Lífsmottó?** Ýmis eru mottóin en í fyrsta sæti má setja að gera ekki öðrum það sem þú vilt ekki að þeir geri þér.



HÚSASMIÐJAN

## Sumarstarfsmenn

Okkur vantar sumarstarfsmenn, bæði í verslun og timbursölu. Skemmtileg og fjölbreytt störf.

Upplýsingar í verslun okkar eða hjá rekstrarstjóra í síma 660 3102.

Húsasmiðjan hf., Ísafirði.



# Mannakorn léku í þrígang fyrir fullu húsi

Hljómsveitin Mannakorn með þá Pálma Gunnarsson og Magnús Eiríksson í broddi fylkingar hélt þrenna tónleika á Hótel Ísafirði um páskana, á skírdag, föstudaginn langa og á

laugardag. Karl Ásgeirsson hjá SKG veitingum á Hótel Ísafirði segir tónleika hafa verið afar vel sóttu, sérstaklega á laugardagskvöld en þá hafi verið troðfullt. Alls megi reikna með að liðlega 300 manns

hafi hlýtt á leik sveitarinnar. Þeim félögum Pálma og Magnúsi til fulltingis að þessu sinni var hinn landskunnli hljómborðsleikari Þórir Baldursson. Meðfylgjandi myndir voru teknar á tónleikunum.



Stuttar af bb.is

## HG sýknað fyrir dómi

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. var í Héraðsdómi Vestfirðna í síðustu viku dæmt til að greiða afleysingamanni á Páli Pálssyni ÍS liðlega 300 þúsund krónur auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Hér var um laun í veikindaforföllum að ræða. Á hinn bóginn var fyrirtækið sýknað af kröfu skipverjans um skaðabætur vegna meintra ölögmætra slita á ráðningarsamningi. Kröfur skipverjans námu samtals liðlega 1,7 milljónum króna auk dráttarvaxta. Fram kom að stefnandi hafi aldrei verið ráðinn nema til einnar veiðiferðar í senn og var fyrirtækið því sýknað af meginkröfunni.

## Andrés sigraði í golfinu

Andrés Guðmundsson sigraði á páskadagsmóti Golfklúbss Ísafjarðar sem haldið var á golfvelli í Tungudal. Leiknar voru 18 holur með punktafyrirkomulagi og hlaut Andrés 39 punkta. Í öðru sæti varð Kristján Kristjánsson með 37 punkta en í þriðja sæti varð Haukur Eiríksson með 36 punkta. Mótið þótti takast afar vel en liðlega 30 keppendur tóku þátt í mótinu. Óvanalegt er að golfmót séu haldin um páska sem jafnan eru helgaðir skíðaiþróttinni á Ísafirði en golfarar létu vel af aðstæðum á vellinum í Tungudal. Segja kunnugir ástand vallarins nú vera eins og í maí eða júní á vanalegu ári.



Sigrún Gerða Gísladóttir, Jósef Vernharðsson og Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður voru á meðal gesta.



Sýningargestir skoða eitt af verkum Dagnýjar á sýningunni.



Listakonan Dagný Þrastardóttir (lengst til hægri) á meðal sýningargesta.

## Húsfyllir á sýningu Dagnýjar og Reynis

Ísfrsku listamennirnir Dagný Þrastardóttir og Reynir Torfason opnuðu samsýningu á verkum sínum í Edinborgarhúsinu á föstudaginn langa og var margmenni mætt til leiks. Verkin hlutu góðar undirtektir og hafði töluvert selst að loknum fyrsta sýningardegi. Dagný Þrastardóttir er húsasmiður og hefur um árabíl rekið

Rammagerðina á Ísafirði en að þessu sinni sýndi hún ýmsa nytjamuni úr gleri, t.d. borðbúnað og ljós. Reynir Torfason starfaði um árabíl sem sjómaður og síðar hafnarverkamaður á Ísafirði en hefur einnig málað og sýnt verk sín með reglulegum hætti í gegnum tíðina. Meðfylgjandi myndir voru teknar við opnunina.



## Sýslumaðurinn á Ísafirði

## Auglýsing um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna alþingiskosninga sem fram fara laugardaginn 10. maí 2003, hófst laugardaginn 15. mars sl.

Kjósa má á skrifstofu embættisins, Hafnarstræti 1, Ísafirði, alla virka daga frá kl. 09:00-15:00 og utan skrifstofutíma, ef nauðsyn ber til eftir samkomulagi.

Umsókn um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skal hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 16:00 þriðjudaginn 6. maí.

Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Baldursdóttir í síma 450 3711, einnig utan skrifstofutíma í síma 846 3200.

Kjósendum er bent á að hafa með sér persónuskilríki.

Ísafirði, 15. apríl 2003

Sýslumaðurinn á Ísafirði  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

## Fá sérútbúinn jeppa

Félagar í Björgunarsveitinni Tindum í Hnífsdal sóttu nýjan sérútbúinn jeppa af gerðinni Ford Excursion til Selfoss fyrir páska þar sem honum hafði verið breytt af fyrirtækinu Icecoll en það var lb ehf. á Selfossi sem flutti hann til landsins. Magnús Helgason hjá Tindum segir kaupin á bílnum vera lið í endurnýjun á tækjafloða björgunarsveitarinnar. Billinn er afar fullkominn og getur flutt fleiri farþega en eldri bíll sveitarinnar. Björgunarsveitir njóta sérstakrar ívilunar af hálfu ríkisins þar sem aðflutningsgjöld af tækjabúnaði þeirra eru felld niður og segir Magnús að bíllinn kosti um 7 milljónir króna.





# Óhætt að biðja um aðstoð áður en allt er farið í hund og kött

– rætt við Ingibjörgu Maríu Guðmundsdóttur, forstöðumann Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Töluverðar breytingar hafa orðið á rekstri félagsþjónustu og barnaverndarmála í Ísafjarðarbæ á undanförunum árum. Nú síðast sameinuðust Ísafjarðarbær, Súðavíkurbæ og Bolungarvíkurkaupstaður um eina sameiginlega barnaverndarnefnd fyrir svæðið. Breytingar hafa miðað að því að gera rekstur málaflokksins faglegri og draga úr þeim vanköntum sem fylgja smæð samfélagsins þegar taka þarf á erfiðum málum. Ingibjörg María Guðmundsdóttir er fyrsti forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar en hún tók við starfinu þegar stofnunin var sett á laggirnar í júlímánuði árið 2000. Segir hún mikið hafa breyst í meðhöndlun málaflokksins með tilkomu skrifstofunnar. Þá hafi starfsemin eflst og fleiri fagaðilar séu til taks en áður. Ekki er laust við að einhverjir finni fyrir nokkrum hrolli þegar minnst er á barnaverndarnefndir enda hafa þær um mörg ár haft á sér einskonar grýlumynd af opinberum starfsmönnum sem hrífa organdi börn frá mæðrum sínum og koma þeim fyrir í umsjá ókunnunga. Fyrir nokkrum árum var tekið upp nýtt verklagskerfi við meðferð barnaverndarmála þar sem málín eru númeruð og barnaverndarnefnd kemur að þeim með ópersónugreinanlegum hætti. Ingibjörg segir mikla ánægju með þetta fyrirkomulag, bæði hjá nefndarmönnum og skjólstæðingum nefndarinnar. Eins hafi það vakið athygli út fyrir Ísafjarðarbæ og verið innleitt víða. Þrátt fyrir ýmsar úrbætur er óhjákvæmilegt að meðferð málaflokksins verði erfiðari í smærri samfélögum og hætta á að mál verði persónuleg. Ingibjörg féllst á að segja frá þeim breytingum sem orðið hafa á umhverfi og skipulagi málaflokksins á undanförunum árum og erfiðleikunum sem fylgja því að fjalla um svo viðkvæm málefni í nándarsamfélagi.

## Starfsmenn hafa stuðning hver af öðrum

„Þegar Skóla- og fjölskylduskrifstofa er stofnuð breytist vinnsla barnaverndarmála. Fleira fólk sinnir málaflokkunum og starfsliðið verður fjölmennara vegna þess að skólamál, fjölskyldumál og barnaverndarmál eru unnin þarna öll saman. Áður var félagsmálastjóri og einn sálfræðingur í hálfu starfi en þetta breytist í það að vera þrír starfsmenn inni á skrifstofunni og einn úti á heimilum. Strax við þetta breytist starfsumhverfið og verður vænlegra að því leyti að fólk hefur stuðning hvert af öðru – getur borið saman bækur sínar og fengið ráðleggingar hvert frá öðru.“

– Segja má að félagsþjónustan hafi verið eflað með þessari ráðstöfun...

„Já, hún hefur verið eflað, miðað við það sem ég sé af gögnum og hef heyrt frá fólki. Í rauninni er alveg nauðsynlegt að hafa öfluga stofnun og þetta mikið af fólki. Yfirleitt eru málín þannig sem hingað koma að það er erfitt að sitja með þau einn og geta ekki fengið ráðleggingar og fleiri sjónarmið hvernig best er að vinna úr þeim. Sérstaklega kemur þetta í ljós í barnaverndarmálunum vegna þess að yfirleitt kemur enginn og biður um þjónustu barnaverndarnefndar, ólíkt því sem er í félagsþjónustunni.

Barnaverndin fer út og inn á heimili fólks til að sinna

málum, hvort sem viðkomandi fjölskylda er tilbúin að þiggja þjónustu hennar eða ekki. Við höfum skyldu til að veita þessa þjónustu samkvæmt lögum en svo er auðvitað spurning hvað hægt er að leysa í samvinnu fólks og hvað ekki. Hins vegar er það alltaf barnið eða börnin sem eru skjólstæðingar og reynt er gera það sem er þeim fyrir bestu. Það getur á stundum verið erfitt fyrir fullorðna að skilja þetta sjónarhorn og að skilja eigin þarfir frá þörfum barnsins eða barnanna.“

## Hafa ekkert vald utan funda

– Er þá meiri geta til að framfylgja barnaverndarlögum í kjölfar bættrar vinnuáðstöðu hjá stofnuninni?

„Já, ég held að það sé alveg á hreinu. Nú orðið er miklu auðveldara hjá okkur að vinna að málum og auðveldara að eiga við hvers konar mál í raun og veru. Ef maður skoðar þau úrræði sem við erum að beita í barnaverndarmálum, þá getum við búið upp á nánast öll viðurkennd úrræði. Með ferðarheimili er nánast það eina sem við reukum ekki sjálf en við höfum verið með stuðningsfjölskyldur og sækjum síðan um vistun á meðferðarheimilum ríkisins sem eru um allt land. Í barnaverndinni erum við orðin viðurkennd sem góð stofnun. Við erum góð í að sniða úrræði þannig að það skili árangri. Einfaldlega sagt

erum við betur í stakk búin til að takast á við svona mál í dag en við vorum.

Núna erum við að fara inn í sameiginlega barnaverndarnefnd með Bolungarvík og Súðavík, sem ég held að geri það að verkum að íbúar þeirra sveitarfélaga græði á því sem við höfum verið að byggja upp hér. Allir sem koma til kasta nefndarinnar hafa aðgang að sömu úrræðum. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum frá Ísafjarðarbæ og einum frá hvoru hinna sveitarfélaganna. Málín eru lögð fram undir númerum þannig að nefndarmenn vita aldrei hverjir skjólstæðingar þeirra eru. Þetta tryggir málefnalegri umfjöllun og minnkar að mörgu leyti álagið á nefndarmönnum því þeir þekkja ekki skjólstæðinga sína þegar þeir fara í Samkaup eða Bónus að versla.“

– Þetta hefur væntanlega stundum verið erfitt. Líklega er fátítt að fólk kunni engin deilli á skjólstæðingum sínum.

„Allavega er nálægðin mikil. Við hjuggum til þessar reglur árið 2001 vegna þess að okkur fannst umræður vilja snúast um persónur en ekki málefni. Verklagið í dag er þannig að starfsmenn greina nefndarmönnum frá málavöxtum. Telji þeir nægar upplýsingar liggja fyrir, þá taka þeir ákvörðun út frá þeim eða óska eftir frekari upplýsingum eftir atvikum. Síðan eru það starfsmennirnir sem fara út og vinna í málunum. Í ein-

staka tilvikum hafa skjólstæðingar sem ekki hafa verið ánægðir með afgreiðslur haft samband við nefndarfólk, hringt heim til nefndarmanna eða eitthvað slíkt. Nefndin er fjölskipað vald, sem þýðir að þegar fundur er settur, þá hefst vald nefndarinnar en þegar fundi er slitið þá lýkur því.

Þannig hefur einstakur nefndarmaður ekkert ákvörðunarvald í málum nema hann sitji inni á fundi með öllum hinum. Þess vegna er svo brýnt að hafa skýra afmörkun um hvað starfsmaður barnaverndar má gera, hvenær hann má gera það og hvað má líða langur tími þar til hann fær samþykki nefndarinnar ef hann grípur til neyðarúrræða. Við vinnum eftir afmörkun um það hvað starfsmönnum nefndarinnar er heimilt að gera. Allt sem nær út fyrir það fer inn í nefndina til ákvörðunar.“

## Innri málefni fjölskyldna erfið

– Er þá fyrir hendi skýr afmörkun um það hverjir sjái um framkvæmd mála og hverjir ekki?

„Barnaverndarnefnd tekur ákvarðanir um aðgerðir í málum, felur starfsmönnum sínum framkvæmdina og hefur eftirlit með að henni sé sinnt. En nefndin fer ekki og framkvæmir. Ef upp kemur neyðaratvik inni á heimili um miðja nótt, þá fer nefndin ekki á vettvang. Það gera starfsmennirnir. Barnaverndarnef-



nd á að vera hlutlaus aðili sem getur skoðað málin hlutlægt. Í því felst heilmikill styrkur fyrir starfsmennina því að þeir verða oft mjög undirlagðir af málum og eru farnir að hrærast mikið inni í viðkomandi fjölskyldum. Þá er nefndin gagnrýnn og hlutlaus aðili sem hefur eftirlit með framkvæmdinni og getur gripið inn í, til dæmis með því að fá annan starfsmann að málinu.

Þessu fyrirkomulagi fylgir að starfsmennirnir lenda í að svara fyrir það sem nefndin gerir og verða oft persónugervingar hennar – nokkurs konar persónugervingar þessa yfirvalds, en það er bæði gott og slæmt. Stundum erum við að taka ákvarðanir sem einhver er ekki sáttur við og stundum er verið að taka ákvarðanir sem góð sátt er um. Hvort heldur sem er verður viðkomandi starfsmaður oft persónugervingur fyrir þá ákvörðun. Að því leyti er erfitt að vinna að barnaverndarmálum, og líka að skólamálinum að nokkru leyti, að það er verið að vinna með innri málefni fjölskyldna.

## Ekki tíður gestur á böllum

– Þegar markaleysi af þessu tagi er fyrir hendi og mörkin milli vinnu fólks og einkalífs eru ekki virt, eru dæmi um það að starfsmenn verði fyrir aðkasti úti í búð eða úti á götu? Jafnvel að það sé hringt heim til þeirra eða abbað út í fjölskyldumeðlimi?

„Ég held að flestir starfsmenn sem vinna hérna á Skóla- og fjölskylduskrifstofu hafi lent í því á einhvern hátt, í mismiklum mæli. Sem dæmi, þá sérðu ekki fólk í þessum geira mikið á böllum eða mannamótum. Við grín-umst stundum með það að við förum ekki á annað en verndaðar samkomur. Ég held að þetta sé landlægt í þessum geira vegna þess að þetta er svo lítið samfélag og þú getur lent í því að hitta einhvern úti á lífinu sem vill halda áfram að vinna með málið á þeim vettvangi, þó það sé ekki alls ekkert gert af illum hug.“

Svo eru aðrir sem virða ekki þessa friðhelgi og eru að fá upplýsingar um einhver mál sem eru þeim jafnvel ekkert skyld. Jafnvel hefur það komið upp að hringt sé í börn starfsmanna og þeim tjáð hverslags aðgerðum foreldrar þeirra standa fyrir. En ég held að þetta sé bara hið almenna umhverfi sem fólk í þessum geira þarf að búa við.

Þú kemst ekkert hjá því að hitta einhvern sem þú ert að vinna með. Þú getur rétt ímyndað þér, ef maður fer á skíði um páskana, hvort maður hittir ekki einhverja af skjólstæðingum sínum. Eða ef þú ferð á jólahlaðiborð á hótelinu, ball í Sjallanum eða hvað sem er. Hið sama gildir þó maður færi á einhverja samkomu í Bolungarvík eða á Þingeyri. Þetta er ekki það

stórt samfélag að þú vitir ekki alltaf af einhverjum.

Þess vegna er gott að hugsa til þess að umdæmi barnaverndarnefndar hefur verið stækkað með því að Súðavík og Bolungarvík sameinuðust Ísafjarðarbæ í þeim efnum. Ég held að það sé mjög jákvætt að vera að taka utan um stærri kjarna í þessum málaflokki.“

## Skipt um símanúmer

– Hvaða úrræði hafa starfsmenn sem vinna að erfiðum málum og verða fyrir aðkasti utan vinnunar eða jafnvel hótunum?

„Fyrir það fyrsta er bannað að hóta eða vera með einhverja slíka tilburði gegn opinberum starfsmönnum sem eru að framfylgja lögum. Slíkt háttæmi varðar viðurlögum. Í flestum tilvikum þegar fólk er að fá símhringingar heim til sín tekst að útskýra að þetta sé ekki rétti vettvangurinn og fá viðkomandi aðila til að hafa aftur samband á vinnutíma.“

Í einstaka tilvikum gengur þetta svo langt að starfsmaður þarf að skipta um símanúmer eða á annan hátt að takmarka aðganginn að sínu persónulega lífi. Í flestum tilvikum er hægt að útskýra fyrir fólki að maður sætti sig ekki við að farið sé yfir þessi mörk eða sætti sig ekki við framkomu af þessu tagi. Í undantekningartilvikum dugar það ekki og þá reynir maður að bregðast einhvern veginn við því.“

– Eru það þá jafnvel einstaklingar sem þurfa einhverja úrræði við sjálfir?

„Þetta eru oft eintaklingar sem finna ekki fyrir þessum mörkum og skilja ekki hvar þau liggja milli embættis fólks og einkalífs. Jafnvel eru þetta líka einstaklingar sem eru það illa staddir sjálfir að þeir ná ekki að hemja sig og hafa stjórn á því sem þeir gera. Þeir sem hegða sér svona eiga náttúrulega erfitt að vissu leyti, það er eitthvað sem ekki virkar hjá þeim. Það er óþolandi og óviðunandi að fá hótanir gegn sínum eigin börnum, slíkt gengur ekki.“

En það eru ekki mörg úrræði til taks, maður verður að reyna að leiða viðkomandi fyrir sjónir að slíkt háttalag gangi ekki upp. Ef það dugar ekki er kannski það eina sem maður getur gert að loka á aðgengi utanaðkomandi að einkalífi sínu. Jafnvel að takmarka það hver sjái um að svara símanum eða hver fari út með börnin. Ef þetta eru hreinar og klárar hótanir, þá liggur fyrir að fara til lögreglu og kæra það.“

## Barnaverndin er engin grýla

– Maður vonar að það séu ekki nema að litlu leyti erfið ofbeldismál sem koma til kasta nefndarinnar. En hvernig mál eru það sem falla undir þetta hrollvekjandi hugtak barnaverndarmál?

„Oft á tíðum eru þetta tilkynningar sem koma til okkar



og eru athugaðar en innan viku er búið að ákveða að hafast ekkert frekar að. Í sumum tilvikum er ákveðið að kanna málið betur og leita upplýsinga. Endirinn er oft sá að fjölskyldan fær aðstoð við að koma barni inn á leikskóla, fær pláss fyrir það í heimalærdómi, fær útvegaða dagvistun fyrir barnið eftir skóla eða eitthvað slíkt. Þá er málið búið og allt fallið í ljúfa löð. Í langflestum tilvikum eru þetta smávægileg mál þar sem einungis þarf að hjálpa lítillega til yfir erfiðan hjalla.

Stundum eru mál til meðferðar hjá okkur í lengri tíma og geta jafnvel varað í mörg ár, en það er mjög sjaldgæft. Til okkar berst mikið af tilkynningum frá lögreglu þar sem reglur um útivistartíma

hafa verið brotnar, börn eru með áfengi eða slíkt. En næst á eftir lögreglunni koma flestir tilkynningar frá foreldrunum sjálfum. Þá eru foreldrarnir að láta vita að þeir þurfi aðstoð og vanti ráðleggingar um hvernig þeir eigi að taka á málum barna sinna. Oft nægja lítilsháttar úrræði til að skapa það svigrúm að fólk geti unnið úr sínum málum sjálf – þetta eru algengu málin.

Í sumum tilvikum hafa ungmennt komið hérna inn sjálf og beðið um aðstoð vegna þess að það er eitthvað sem þau ná ekki að aðlagast eða geta ekki unnið úr sjálf. Síðan eru þessi undantekningartilvik þar sem ofbeldi er á ferðinni eða einhver vanhæfni sem ekki er hægt að vinna bug á.“

– Nú virðist vera uppi aukin

vitund um að draga úr þeim vanköntum sem fylgja starfi félagsmála- og barnaverndarnefnda í smærri samfélögum. Nýju barnaverndarlögin virðast miða í þá átt.

„Vissulega, og það sem ég legg líka áherslu á er að barnaverndin er engin grýla. Þegar barnavernd kemur til tals, þá er hugsað til einhverra starfsmanna sem eru jafnvel illa innrættir og koma til að taka börnin af heimilinu og rífa þau helst grátandi og öskrandi í burtu.“

Raunin er hins vegar sú, að markmið laganna er að styðja fjölskylduna og halda barninu sem lengst innan fjölskyldunnar. Sumir kvarta yfir því að það sé of lengi. Þessi grýlu mynd er slæm vegna þess að barnaverndin á að vera til að

styðja og til að hjálpa. Í 99% tilvika er ekkert gert nema með samþykki foreldra og þegar barn hefur náð ákveðnum þroska þarf það að veita sitt samþykki líka.

Við þurfum að koma þeim skilaboðum út til samfélagsins að barnaverndaryfirvöld eru til að aðstoða og til að hjálpa og það má hver sem er leita sér aðstoðar þangað. Ef einhverjum líður illa og hann nær ekki að vinna úr sínum málum, þá þarf hann ekki að bíða eftir því að allt fari í hund og kött. Það þarf ekki að bíða eftir því að nágranni eða vinur tilkynni mann inn heldur getur maður farið og beðið um aðstoð, sem er líka mikið fljót-virkara“, segir Ingibjörg María sem stendur vaktina á Skóla- og fjölskylduskrifstofunni.

# Starfið grundvallað á aðstæðum svæðisins

– sagði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra á fundi á Ísafirði

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra hefur ákveðið að hafin verði vinna við byggðaaætlun fyrir Vestfirði með Ísafjörð sem þungamiðju. Þetta kom fram í ávarpi ráðherrans á fundi hennar og Sturlu Böðvarssonar um samgöngu- og atvinnumál, sem haldinn var í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða á Hótel Ísafirði í síðustu viku. Sagði Valgerður nokkra reynslu komna af starfi við byggðaaætlun fyrir Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem gangi vel. Starfið á Vestfjörðum

verði hins vegar grundvallað á aðstæðum svæðisins og ekki verði um eftirlíkingu á starfi Eyjafjarðarnefndarinnar að ræða.

„Í síðasta mánuði var tekin ákvörðun um uppbyggingu stóriðju á Austurlandi. Í framhaldinu er augljóst að athyglin beinist hingað vestur. Það er því mikilvægt starf framundan, sem fyrst og fremst mun byggjast á heimamönnum en í náninni samvinnu við ráðuneytið“, sagði Valgerður.

Ráðherrann fór lofsamlegum orðum um Byggðaaætlun



Valgerður Sverrisdóttir.

Vestfjarða sem unnin var af sveitarfélögum í fjórðungnum. Segist hún sammála höfundum hennar um mikilvægi þess að byggja upp byggðakjarna á Vestfjörðum. Það álit sé stutt með niðurstöðum umfangsmikillar rannsóknar á búsetu og starfsskilyrðum á landsbyggðinni sem unnin var af Hagfræðistofnun og Bygðarannsóknastofnun fyrir iðnaðarráðuneytið.

„Fjárfestingar í innviðum þyrftu þá að taka mið af því að stækka áhrifasvæði byggðakjarnanna svo byggðirnar

umhverfis geti sótt þangað þjónustu sem annars væri ekki fáanleg innan svæðisins“, sagði iðnaðarráðherra.

Lýsti ráðherra því yfir að henni þættu sérlega áhuga-verðar hugmyndir um uppbyggingu klasafyrirtækja sem í nánú samstarfi legðu stund á tækniþróun, nýsköpun og framleiðslu á grunni sjávarútvegs og úrvinnslu sjávarafurða. Ljóst væri að þegar sé fyrir hendi sterkur kjarni að slíkum klasa.

„Styrkurinn felst ekki hvað síst í því, að á svæðinu eru

starfandi fyrirtæki með mikla þekkingu og alþjóðlega markaðsreynslu sem er gulls ígildi. Ef vel tekst til við þróun þessara klasahugmynda, þá er hægt að leysa hér úr læðingi heilmikla sókn í nýsköpun atvinnulífsins“, sagði Valgerður.

## Vestfirðir

### Sveitarfélögin yfirtaki rekstur málefna fatlaðra

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur forgöngu um að sveitarfélög á Vestfjörðum yfirtaki rekstur málefna fatlaðra frá ríkinu. Stjórn sambandsins hefur sent öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum bréf þar sem óskað er eftir afstöðu þeirra til málsins. Ingimar Halldórsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins, segir að einnig hafi verið leitað samstarfs við félagsmálaráðuneytið.

„Málin eru í þeim farvegi að þessi hugmynd kom upp og stjórn sambandsins ákvað að vinna að henni. Fyrir einu til tveimur árum voru í gangi viðræður milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins um yfirtöku málaflokksins sem ekkert varð úr. Þetta hefur hins vegar verið gert á nokkrum stöðum með þjónustusamningum, meðal annars á Akureyri og á Norðurlandi vestra.“

Nokkur áhugi mun vera meðal sveitarfélaga í fjórðungnum á yfirtöku málaflokksins og segir Ingimar að horft sé til Norðurlands vestra í því sambandi. „Þar fara Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra með yfirstjórnina samkvæmt samningi við ríkið. Málaflokkurinn er aftur á móti rekin alfarið af félagsmálakerfi hvers sveitarfélags“, segir Ingimar.

Þegar hefur Ísafjarðarbær svarað erindi Fjórðungssambandsins og tekið vel í þessa málaleitan. Ingimar sagði svör ekki enn hafa borist frá öðrum sveitarfélögum enda ekki langt um liðið frá því að bréfin voru send út.

**Ertu orðin(n) áskrifandi?**  
**Síminn er 456 4560**

Þar sem púlsinn slær...

**bb.is**

## Fermingargreiðslurnar í ár með ýmsu móti

# Frelsi í hárafari bæði drengja og stúlkna

Guðrún Karlsdóttir hárgreiðslumeistari hjá Hárlkompaní á Ísafirði segir mikið frelsi í gangi varðandi fermingargreiðslurnar í ár. Strákarnir kjósi fremur að vera með lubba þótt einhverjir séu stífrakaðir.

Stelpurnar verði ýmist með hárið uppsett eða þá slegið með strípum til að fá aukna hreyfingu og áferð. Hárlkompaní sýndi greiðslurnar á fermingarsýningu sem haldin var á Hótel Ísafirði fyrir skömmu í samstarfi fyrir- tækja í bænum. Þar sýndu 13 tilvonandi fermingar- börn útivistarföt frá Hafnarbúðinni, spariföt frá Jóni



Fjölmenni var á fermingarsýningunni á Hótel Ísafirði.

og Gunnu og náttföt frá Silfurtorgi en Alda Karlsdóttir sá um fördun. Auk þess höfðu þjónarnir á Hótelinu dekkjað fermingar- borð með borðbúnaði frá Straumi og borðskreytingu

frá Blómaturinnum. Fjölmenni var á sýningunni og segir Guðrún að krakkar- arnir hafi staðið sig með stakri þryði í sýningarstörf- unum. Halda mætti að þau gerðu ekki annað.



## STAKKUR SKRIFAR

# Skoðanakannanir

Skoðanakannanir benda til þess, að einungis verði kostur á þriggja flokka ríkisstjórnum að kosningum loknum. Þetta er byggt á ummælum forsætis- og utanríkisráðherra. Sá fyrri telur vist að allt stefni í að mynduð verði ríkisstjórn Samfylkingar, Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna, miðað við niðurstöðu skoðanakannana og ummæli forystumanna þeirra. Hinn síðari telur, að hljóti Framsóknarflokkurinn kosningu sem skilar aðeins 7 til 8 þingmönnum, hljóti slíkt að teljast skýr skilaboð frá kjósendum um að hans sé ekki óskað við stjórnvölinn. Reyndar hefur samstarf þessara tveggja flokka verið farsælt og óumdeilt að þjóðarþúið standi vel, þótt stjórnarandstaðan telji þar einungis utanaðkomandi áhrif að verki. En þar sker hún sig skýrt og greinilega frá stjórnarflokkunum, sem telja að ríkisfjármálum sé hægt að stjórna og gera þáð.

Þriggja flokka stjórnir hafa ekki gefist vel. Nægir að minna á vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar 1971 til 1974, stjórn sama forsætisráðherra 1978 til 1979, ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen 1980 til 1983 og vinstri stjórnina 1988 til 1991 undir forsæti Steingrims Hermannssonar. Ekki skal því haldið fram, að viljaskortur hafi ráðið eða engu góðu hafi verið komið til leiðar. Hinu verður ekki neitað og dómur sögunnar er á þá leið, að verulegra lagfæringa var þörf í lok stjórnartímans. Í meginatriðum var niðurstaðan sú, að ríkisfjármál þöfnuðust uppstokkunar. Viðtakandi ríkisstjórnna, sem allar voru tveggja flokka og gripu til markvissrar fjármálastjórnunar, beið mikil vinna. Flestar fjölflokka-

stjórnirnar voru vinstri stjórnir með einni undantekningu, ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar 1987 til 1988. Þær tóku við góðu búi, en forst stjórnin ekki nægilega vel úr hendi þótt viljinn væri góður. Of ólík stefna flokkanna, sem aðildina áttu, réð því að heildarstefnan leið fyrir. Árangurinn varð sá, að ríkisfjármál voru yfirleitt í nokkrum ólestri og þá sjaldan meir en í lok stjórnarsetu 1983, en þá mældist verðbólga 130% og hafa hærri tölur ekki sést hérlendis, þótt oft hafi útlitið verið svart.

Hvað þýðir ríkisstjórn þessara þriggja flokka fyrir Vestfirði? Afnáam kvótakerfisins mun kippa stöðunum undan þeim útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum sem hér starfa enn. Svo mikla trú hafa heimamenn, að keypt var hlutafé í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru fyrir nærri 700 milljónir króna nýlega. Stöðunum kann að verða kippt undan því glæsta fyrirtæki. Verst er, að það telja þeir, sem því hafa lofað, verða til góðs. Framfarir og uppgangur í smábátautgerð verða kyrkt og nægir að minna á ummæli Davíðs Kjartanssonar í þeim efnum. Hætt er við því að grundvöllinum undan núverandi útgerð í Bolungarvík verði kippt burt með sama hætti. Hvar stöndum við þá? Fjármagn til stórutgerðar er ekki á lausu og síst verði það tekið með fjárheimtu í ríkissjóð í formi ótrúlegrar skattlagningar af hverju veiddu kíló þegar í land er komið. Svona loforð gefa menn vart nema þeir haldi að við þau þurfi ekki að standa. Kvótakerfið má laga, en verði hitt að veruleika má vænta þess, að við taki efnahagssveiflur sem kjóendur eldri en 35 ára þekkja alltof vel, en hinir ekki.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sítt.





# Kom til Ísa- fjarðar í leit að fram- tíðinni

– rætt við körfuboltamanninn Branislav (Bane) Dragoljovic frá Serbíu, sem er búinn að kynnast nýjum og gerólíkum heimi á Íslandi

**Branislav Dragoljovic er einn af burðar-  
ásam meistaraflokks karla hjá Körfuknatt-  
leiksfélagi Ísafjarðar (KFÍ). Þegar hann kom  
til Ísafjarðar fyrir um tveimur árum vissi  
hann ekkert um landið en hafði eitt mark-  
mið: Að komast frá spennunni og stöðn-  
uninni í Serbíu þar sem honum buðust ekki  
mörg tækifæri. Hann segir fyrstu mánuðina  
hér hafa verið afar erfiða. En nú hefur hann  
sótt um íslenskan ríkisborgararétt og á von á  
barni með unnustu sinni, Önnu Margréti  
Magnúsdóttur frá Ísafirði sem les til kenn-  
ara suður í Reykjavík.**

Bane eins og hann er kall-  
aður segist hafa mikið skap  
og stundum sé hann snöggur  
að rjúka upp. Til allra heilla  
seu félagar hans í körfubolta-  
liðinu farnir að þekkja það  
vel til hans að þeir láti það  
ekki á sig fá. Hingað til hefur  
það ekki talist keppnismön-  
num til lasts að hafa mikið skap  
og sjálfsgætt hefur það komið í  
góðar þarfir að geta barið í  
borðið til að koma ár sinni  
fyrir borð úti í Serbíu. Bane  
útskýrir að þar sé kerfið ekki  
nærri því eins slétt og fellt og  
við eigum að venjast hér á  
Íslandi.

Hann segir líka sitt hvora  
merkinguna lagða í hugtakið  
að rifast í þessum ólíku menn-  
ingarheimum. Hér á landi rif-  
umst við með því að hækka  
röddina eða gerast beinskeytt-  
ari í tali. En ef hann eigi óút-  
kljád mál við vini sína í Ser-  
bíu, þá skeyti þeir skapi sínu  
ekki einungis með orðum  
heldur einnig athöfnum, þó  
að menn vilji að sjálfsgæðu  
ekki vinna hver öðrum mein.

Bane er fæddur og uppalinn

leikum við að fá vinnu. Auð-  
vitað getur fólk fengið ein-  
hverja vinnu en launin eru lág  
og þó að þú leggir harðar að  
þér, þá færðu ekki meira í  
aðra hönd.

Í reynd er það þannig, að  
atvinnurekendurnir nánast  
eiga starfsfólkið. Ef maður  
ynni til dæmis á skrifstofu, þá  
væri ekkert fráleitt við það að  
yfirmaðurinn bæði mann um  
að koma heim og elda fyrir  
sig kvöldmatinn. Að minnsta  
kosti er fjölskyldan mín ekki  
það hátt skrifuð í þjóðfélaginu  
að það byði upp á marga  
möguleika.“

## Kurteislegt nei í Póllandi

„Þetta var hálfauamt stúd-  
entalíf á manni. Ég fór að  
hugsa með mér hvað ég gæti  
gert til að komast í burtu. Ég  
hafði spilað körfubolta í mörg  
ár og hugsaði með mér að það  
hlyti að vera einhver staður í  
heiminum þar sem væri þörf  
fyrir mig og ég myndi passa  
inn. Þá fór ég á fullt og sendi  
tölvupóst til hvers einasta  
körfuknattleiksfélags sem ég  
gat komist í tæri við. Upp úr  
því fór ég til Póllands og var  
þar um tíu daga. Þeir sögðu  
mér að ég væri nokkuð góður  
og þeir myndu hringja í mig  
seinna, þannig að í rauninni  
fékk ég nei á kurteislegan hátt.

Um það bil þremur mánuð-  
um eftir þetta fékk ég sím-  
hringingu frá umboðsmanni í  
Reykjavík sem spurði hvort  
ég vildi koma upp til Íslands.  
Ég hugsaði með mér: Af  
hverju ekki? Ég vissi ekkert

hvornig það yrði en mér fannst  
fram tíðin ekki spennandi í  
Serbíu.“

– Hvernig var að koma til  
Íslands?

„Þegar ég kom hingað var  
ég staurblankur og átti ekki  
neitt. En ég hef getað unnið  
ágætlega út frá því þó að fyrstu  
mánuðirnir hafi tekið mjög á.  
Þetta var í september 2001  
sem ég kom til Íslands frá  
Danmörku að næturlagi. Hita-  
stigið í Serbíu er frá 25 og  
upp í 30 gráður á þessum árs-  
tíma en hitinn í Keflavík þetta  
kvöld var einungis 2 gráður.  
Ég var í jakka og peysu en  
vindurinn blés eins og óður  
væri.“

## Fiskimannaþorp úr bíómynd?

„Mér hafði verið sagt, að  
þegar maður kæmi til Íslands,  
þá væri það eins og að lenda á  
Mars, en ég sá ekki neitt fyrir  
myrkri. Ég var kominn inn í  
algjörlega annan heim en fólk  
gerði ekkert ráð fyrir því held-  
ur lét eins og maður væri  
fæddur með þekkingu á þessu  
umhverfi. Mér fannst erfið að  
komast inn í verkefnið hérna  
og komast inn í liðið. En þegar  
þetta fór allt saman að rúlla,  
þá fór mér strax að líða mun  
betur hérna.“

– Þegar þessi umboðsmað-  
ur hringdi í þig, stóð það þá  
strax til að þú færir að spila  
með KFÍ á Ísafirði?

„Já, ég man að það lá strax  
fyrir því hann reyndi eitthvað  
að útskýra þetta fyrir mér með  
Ísafjörð en ég var engu nær.  
Síðan fékk ég símtal frá Guð-

jóni Þorsteinssyni hjá KFÍ og  
hann skýrði út fyrir mér að  
þetta væri lítill sjávarbær þar  
sem körfuboltinn væri fyrir-  
ferðarmikil íþróttagrein. Ég sá  
fyrir mér einhvers konar fiski-  
mannaþorp úr bíómynd, lítinn  
og dúllulegan bæ þar sem væri  
ekki svona mikið myrkur á  
veturna og umhverfið mun  
grænna.

Þegar ég var að ganga frá  
umsóknargögnunum mínum  
sem ég sendi á umboðsmenn-  
ina, þá kryddaði ég körfu-  
boltaferillinn aðeins. Ég varð  
að gera það til að troða mér  
áfram. Það stóð enginn á bak  
við mig í þessu heldur varð ég  
bjarga mér upp á eigin spýtur.“

## Pakkaði bara niður og fór

– Hafirðu haft einhver tök á  
því að undirbúa þig fyrir kom-  
una hingað? Var þetta þraut-  
skipulagt hjá þér?

„Nei, alls ekki. Það eina  
sem vakti fyrir mér var að  
komast í burtu. Í Serbíu skiptir  
miklu máli hver fjölskyldan  
þín er og hvernig hennar staða  
er. Ég vildi hins vegar standa  
á eigin fótum og móta mína  
fram tíð á eigin verðleikum.  
Ég hafði ekkert undirbúið mig  
fyrir komuna hingað og vissi  
heldur ekkert við hverju ég  
ætti að búast. Spurningin var  
meira af hverju ætti ég ekki  
að fara: Hverju hef ég að tapa?  
Sem dæmi um það, þá kem ég  
hingað með eina tösku af fót-  
um og það voru mestmegnis  
stuttermabolir.

Í Serbíu og raunar yfirleitt í  
þeim hluta Evrópu má segja

að fólk eigi framlengda barn-  
æsku því það býr heima hjá  
sér og er á framfæri foreldr-  
anna fram undir þrítugt. Þess  
vegna búa jafnaldrar mínir úti  
við mikil afskipti foreldra  
sinni. En ég pakkaði bara nið-  
ur og fór. Þetta var ekki mikið  
flóknara en það.“

– Hefurðu farið aftur út eftir  
að þú komst hingað?


„Já, tvisvar sinnum, í fyrra  
og hitteðfyrra. Ég hef haldið  
sambandi við fólk mitt og  
vini úti í gegnum síma og  
tölvupóst. Fyrstu mánuðina  
mína hérna voru símreikning-  
arnir geysiháir. Ég þjáðist af  
heimþrá en á einhverjum  
tímamarki áttar maður sig á  
því að maður verður að lifa  
sínu eigin lífi og skilja heima-  
hagana að baki.

Í fyrra skiptið sem ég fór út  
hafði ég ekki gert mikil boð á  
undan mér heldur var bara bú-  
inn að biðja vin minn um að  
sækja mig á flugvöllinn. Þegar  
ég kom svo heim, þá man ég  
að pabbi minn starði á mig  
eins og hann væri að velta því  
fyrir sér hvort þetta væri raun-  
verulega ég. Mamma mín  
öskraði af fögnuði, þannig að  
þetta var mjög skemmtileg  
fjölskyldustemmning.“

## Fremur skrítn atburðarás

„Þegar ég kom til Íslands  
fyrst fann ég fyrir heimþránni  
en þegar ég kom út aftur, þá  
fann ég að maður upplifir  
heimahagana á allt annan hátt  
þegar maður hefur dvalist ann-  
ars staðar. Maður fer að skynja  
hlutina á annan hátt þegar





maður nefur samanburðinn. Ég sá það þegar ég kom út, að margir af vinum mínum þar gæru í rauninni ekki neitt og eru bara á framfæri sinna fjölskyldna. Fyrstu dagana leiddist mér svo mikið að ég hélt ég myndi ganga af göfslunum og vildi helst fara beint aftur til Íslands því ég þoldi ekki þetta aðgerðaleysi.“

– Áttu mikið af fólki úti?  
„Pabbi minn er úti og þar  
fyrir utan á ég mikið af frænd-  
fólki í Serbíu. Núna er bróðir  
minn fluttur hingað til Íslands  
ásamt konunni sinni. Hún er  
frá sama bæ og við. Þau eiga  
6 mánaða stelpu og tveggja  
ára strákr og hafa það gott á  
Íslandi. Mamma býr hérna  
líka.

Begar maður horfir til baka, þá er þetta fremur skýrtin atburðarás, því síðustu árin áður en ég kom hingað hafði ég ekki spilað körfuboltann mikil. Ég hafði þó æft frá því ég var níu eða tíu ára því eldri

bróðir minn æfði körfubolta og ég elti hann í þetta. Hann var að mestu dottinn út úr boltanum en hefur verið virkjaður aftur hérna og er farinn að spila með KFÍ.“

– Þú kemur hingað í september beint inn í upphaf leiktíðarinnar í körfuboltanum. Hvernig gekk það, lentirðu á fótunum?

„Men höfðu miklar væntingar til mín í liðinu en ég var að reyna að átta mig á hlutum hér og leið ekki sem best. Þarna var ég illa haldinn af heimþrá og tók upp á því að byrja að reykja. Íbúðin sem ég bjó í var nánast tóm. Ekkert sjónvarp og allur húsbúnaður ákaflega takmarkaður. En þarna sat ég tímunum saman, starði á hvíta veggina og taut- aði fyrir sjálfum mér að ég þjáðist af heimþrá. Þetta var

mitt helsta tómsfundagaman  
um tíma þannig að maður var  
nú ekki að standa sig mjög  
vel.“

– Var þetta erfiður tími?  
„Já, það má segja það. En þegar ég kom heim aftur, þá fannst fólk íg vera hrjúfur og beinskeyttur, jafnvel væðarlaus í gagnrýni minni á samferðamennina. En ég vil meina að ég sé hreinskilinn og ófheiminn við að segja til vammis en ég reyni líka að gera miklar kröfur til sjálfs mín.“

– Hvernig braustu út úr þessu eymdarástandi sem var á bér?

„Við fengum annan leikmann sem er hálfserbneskur og kemur frá Slóveníu. Hann hafði verið úti í Bandaríkjunum í fimm ár að spila körfubolta og hafði náttúrliga gengið í gegnum svipuð aðlögunarvandamál. Hann sagði mér frá því öllu saman, hvernig hann hafði lifið og hvernig hann

hefði tekst á við sín mál. Það hjálpaði mér af stað og ég fór að hlada á mig verkefnum. Ég reyndi að finna mér eins mikil til að gera og ég gat. Þegar maður hefur nóg að gera þá hættir maður að velta sér upp úr hlutunum. Enda þýðir ekki að hanga yfir því að maður sakni hins eða þessa. Maður verður að móta sitt eigið líf. standa upp og fara að tala við fólk og gera eitthvað.“

– Myndirðu þá segja að þér hafi gengið vel að aðlagast?

„Nei í rauninni var þetta óttalegt bras. Ég er í grunninn hálfheiminn og hléðrægur og tungumálakunnátan var heldur ekki upp á marga fiska. Bæði var enskukunnátan takmörkuð en svo var fólk að reyna að koma mér inn í íslenskuna. Og þó að maður segist á mánudegi vilja ná tökum á íslensku, þá þýðir það ekki að maður sé farinn að skilja allt á fimmtudegi. Maður er ekki með sömu meðfæddu þekkinguna á íslensku. Íslenskum hugsunarhætti og íslenska kerfinu eins og hinir.

Í hremskilni sagt, þá veit ég ekki einu sinni hvort hægt er að bera saman þessi tvö lönd. Innviðirnir eru svo ólíkir. Ef þú ætlar að gera eitthvað í Serbíu, þá ertu einn í liði og þarft algjörlega að bjarga þér upp á eigin spýtur. Grunnþætti-ir í samfélagnu, eins og sam- skipti við stjórnmöld, eru í molum. Vanhagi þig um eitthvað frá ríkinu þarf að fara í kringum hlutina og beita klífuskap. Þar verður maður að þekkja einhvern.

En hér er allt á hreinu. Fólk mætir í vinnu og veit að það á rétt einni kaffipásu fyrir hádegis og annarri eftir hádegis. Þar úti þekkir fólk ekki réttindi sín og veit ekki hvernig það stendur. Eins og ég sagði, þá veit ég ekki hvort er hægt að bera þessi þjóðfélög saman.“

– Nú hefurðu sótt um ríkisborgararétt. Þú hefur þá væntanlega í hyggju að búa hér í framtíðinni.

„Já, í fyrstu hafði ég hugsað

mer að reyna að flytjast eitt-  
hvert annað. Þýskaland er  
t.d. að mörgu leyti augljós-  
kostur. Þar er mikið af Serbum  
og fólki frá því svæði. Óneit-  
anlega væri það líka systir-  
far heimahögunum. En það er  
ekki aðalmálið því nú er ég  
farinn að mynda tengsl hérna  
og eiga mína fjölskyldu. Hérna  
na finn ég fyrir svo miklum  
létti. Ástandið úti í Serbíu er  
mjög rafmagns og allt snýst  
í krugum pólitísk. Hérna þar-  
maður ekki sífellt að vera á

kafi í slíku og getur leitt hug-  
ann að öðrum málum. Þar-  
dýnur þetta á manni alla staðar  
og það er ekki hægt að vera  
hlutlaus og sigla lygnan sig-  
heldur er maður undir stöðug-  
um þrýstingi að gangast við  
einni fylkingunni eða annarri.  
Fólk er æst og því er heitt í  
hamsi.

Í Serbíu er sífellt rætt um

að breytinga sé þörf og það þurfi að gera hluti – fólkid eydí öllum slínum kröftum í það en samt gerist ekki neitt. Hérna hefur fólk frelsi til að gera hvað sem því sýnist. Eftir fólk langar í skóla, þá fær það námslán og lifir svo sem engu glæsilífi en þó allavega eðlilegu stúdentalífi. Þegar ég var í námi og hafði ekki efni á að fara út að skemmta sér, þá þýddi það að maður átti ekki þörf til pening til að kaupa kaffibolla eða kókglas. Hérna þýðir það að maður hafi ekki efni á að eyða fimm eða tíu þúsundum á djamminu. Hérna lærir fólk það sem það vill læra og getur blómstrað í. Úti í Serbíu er pressan öll á því að nema eitthverl fag sem gæti tryggt samleiga afkomu.“

– Finnst þér jafnvel að Íslendingar séu ofdekraðir? Að þeir geri sér ekki grein fyrir því hversu góð lífskjör eru hérna og kunni ekki að meta það hversu góð tækifæri þeim bjóðast?

„Ég veit ekki hversu skynsamlegt það er að setjast eitthverr dómarastráti. En Íslendingar eru það, éf er ekki ofan af því. Margir Íslendingar gera sér ekki grein fyrir því hversu gott þjóðin hefur það almennt af því þeir hafa aldrei kynnst neinu öðru. Þegar ég var að læra úti í Serbíu, þá nafði ég t.d. ekki borðað kjöri í hálf t. ári og það var mikið af krökkum sem bjuggu við sviðuð kjör. Eins þegar ég var að alast upp, þá fór ég ekki út í búð með mömmu minni að velja nýja skó. Hún spurði ekki hvernig skó ég vildi. Heldur var málið að útvega skó í réttu númeri.

Fólk þarf að vera tilbúið til að taka hverju sem er í lífinu – núna er ég hér þar sem allir eru svo aflslapað. Úti í Serbíu gengur fólk um göturnar og passar sig að lífa ekki á neinn því spennan er svo mikil. Í fúlstu alvöru, þá geturðu lent í mestu vandræðum bara með því að horfa á einhvern úti á götu. Hérna á hinn bóginn hittir fólk í þarfum og skemmtir sér og allir tala saman.“

„Reyndar kom það mér spánskt fyrir sjónir, að þegar maður hitti fólk sem var örlítið í glasi, þá spjallaði það á fullu og var mjög vinsamlegt. Svona veifaði maður því úti á götu í vikunni á eftir og þá varð það kleinulegt og gaf engin viðbrögð. En ég er fyrir löngu búinn að venjast því.

Frjálslyndið hérna er svo mikið að til dæmis ræðir fólk um kynlíf, sem mér þótti mjög vandráðalegt í fyrstu. Þegar ég fór aftur til Serbíu í heim-sókn, þá hitti ég vini mína þar yfir kollu og við skiptumst á sögum og bröndurum eins og gengur. Þá segi ég einhvern kynlífstáningadrandara og ég vissi ekki hvert þeir ætluðu.

Þeir störfðu á mig eins og ég væri orðinn galinn.“

– Mér skilst að þú hafir  
 unnið með Rauða krossinum  
 hérna að verkefni með Rauða  
 kross deild úti í Serbíu. Get-  
 urðu sagt okkur aðeins frá  
 því?

„Rauða kross deildin hér á Ísafirði á vinadeild úti í Uzzie í Serbíu sem er nálægt Kraljevo, heimbænum mínum. Ég fór þangað út á síðasta ári og var að reyna að aðstoða erlendu veit ekki að hve miklu liði það varð. Hingað kom svo fulltrúi frá þeim og ég var að sýna honum bæinn og segja frá lífsháttum herna. Ég hef verið í sambandi við deildina úti í Uzzie síðan.“

– En nú er barn á leiðinni  
Hvernig leggst það í þig?

„Að minnsta kosti verður þetta ný lífsreynsla. Ég hafði alltaf séð fyrir mér að vera svalur og einhleypur náungur en sú framtíðarsýn á ekki við lengur. Ég hélt alltaf að ég yrði einhleypri gaurinn á árgangamótunum. En svona breytast hlutirnir. Að öllum gamni slepptu, þá hugsa ég að maður hafi nú einhverja hæfileika til að verða góður uppalandi. Ég hef mjög gamlan af börnum en hingað til hefur ég viljað skila þeim til foreldra anna um leið og þau fara að vera með eitthvert vesen.“

– Hvernig sérðu þig eftir 10 ár eða svo? Heldurðu að þú munir eiga hús inni í Holtahverfi og þjálfra körfubolta?

„Ég veit það ekki. Ekkert endilega. Lífið nær náttúrlega yfir svo margt annað en körfubolta. Þetta á allt eftir að ráðast en mér finnst það mjög furðuleg tilhugsun að ég verði húseigandi og flytji inn í einbýlishús.“

